

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

4. tbl. • Apríl 1999

BYGGINGADAGAR '99

Íslensk hús og híbýli á heimsmælikvarða

Um 18 þúsund gestir komu í Laugardalshöll



Metaðsókn varð á stórsýninguna Byggingadagar '99 sem haldin var á vegum Samtaka iðnaðarins í Laugardalshöll dagana 16. –18. apríl sl.

Byggingadögum '99 var ætlað að höfða til almennings, einstaklinga og fjölskyldna, húseigenda, húsbyggjenda jafnt sem fagmanna úr öllum greinum byggingariðnaðar á Íslandi. Alls komu um 18 þúsund gestir á sýninguna og kynntu sér starfsemi, vöru og þjónustu um 70 fyrirtækja, félaga og stofnana. Óhætt er að segja að sýningin hafi tekist vel enda lögðu sýnendur og skipuleggjendur sig fram um að gera hana glæsilega.

Sjá myndir á síðu 4 til 7.

Íslenski fáninn blakti við hún í bliðviðrinu á Byggingadögum og börnin léku við hvern sinn fingur á þar til gerðu útileiksvæði barna frá fyrirtækinu BG leiktæki

Sýnendur lögðu sig fram um að gera Byggingadaga '99 að athyglisverðri sýningu fyrir almennig og fagfólk. Hér má sjá hluta af glæsilegum sýningarbás BYKO





Smákóngaveldið á höfuðborgarsvæðinu

Það er oft ótrúlega erfitt að breyta því sem lengi hefur verið við lýði. Jafnvel þegar augljóst er að óbreytt ástand er öllum þorra fólks til óþurftar helst alls konar smákóngum uppi að viðhalda óhagkvæmni á kostnað almennings í krafti hefðarinnar. Þetta á til dæmis við um skiptingu landsins í ótal sveitarfélög. Þessi skipting á sér ugglaut einhverjar löngu gleymdar sögulegar og landfræðilegar skýringar en nú á tímum felst í þessu skipulagi ómæld vitleysa og sóun.

NEFND EFTIR NEFND

Þó að nokkuð hafi áunnist í sameiningu sveitarfélaga á undanförunum árum myndi allt önnur mynd blasa við ef skynsemin ein hefði verið látin ráða ferðinni. Skýringin er auðvitað sú að það er beðið eftir því að frumkvæðið komi frá kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaganna. Þetta eru einmitt einu íbúar þessa lands sem einhvern hag hafa af því að viðhalda ótal sveitarfélögum með tilheyrandi skrifstofum, áhaldahúsum, bygginganefndum, heilbrigðisnefndum, eldvarnanefndum, umferðanefndum, húsnæðisnefndum og ótal öðrum nefndum, stjórnnum og ráðum.

Það eina, sem hefur í raun knúð á um sameiningu sveitarfélaga, eru þau auknu verkefni sem þeim hafa verið fengin en smæstu sveitarfélögin ráða auðvitað engan vegin við. Mörg þeirra hafa raunar hafið viðræður við nágannana um sameiningu sveitarfélaga þegar búið er gersamlega að rústa fjárhaginn. Fyrst er hafin bygging á nýju íþróttahúsi, barnaheimili og hitaveitu og síðan farið að ræða við nágannana um sameiningu ef vera mætti

að hægt væri að losna þannig við eitt-hvað af skuldunum.

SAMAN FRA VÖGGU TIL GRAFAR

Einn er sá landshluti þar sem ekkert hefur verið rætt um sameiningu sveitarfélaga en það er höfuðborgarsvæðið. Á því er þó sú undantekning að Reykjavíkurborg innlimaði Kjalarneshrepp nú nýlega en sú sameining er einmitt dæmigerð fyrir sameiningu af því tagi sem hér að framan var lýst. Er þá skipan mála hér á höfuðborgarsvæðinu með þeim hætti að þar þurfi engu að breyta? Því fer víðs fjarri.

Tökum dæmi af Seltjarnarnesi. Af hverju er Seltjarnarnes hluti af Reykjaneskjördæmi? Af hverju þarf sérstaka bæjarstjórn með öllu sem henni fylgir á Seltjarnarnesi frekar en t.d. í Breiðholti eða Árbæjarhverfi? Kópavogur og Reykjavík eru samvaxin sveitarfélög á löngum köflum en samgöngur á milli þessara byggðarlaga eru líkar því sem var milli Austur- og Vestur-Berlínar fyrir fall múrsins.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru fyrir löngu orðin eitt atvinnusvæði en þau eru hvert í sínu lagi að burðast við að halda þjónustu við almenning aðgreindri til dæmis mismunandi og ósamræmdri strætisvagnaþjónustu til stórkostlegs ama fyrir íbúa svæðisins. Kópavogsbúinn fæðisína þjónustu frá vöggum til grafar til Reykjavíkur. Það er einhver munur á útsvarsprósentu á milli þessara sveitarfélaga en hann er svo líttill að hann skiptir einfaldlega engu máli.

Að öllu samanlögðu má segja að íbúar höfuðborgarsvæðisins líti á allt þetta svæði sem eina heild. Þeim er flestum al-

veg sama hvaða smákóngur ríkir yfir því svæði þar sem þeir búa og starfa. Gallinn er bara sá að þetta kerfi smákónga er bæði dýrt og veldur í mörgum tilvikum ótrúlegu óhagræði. Verst eru auðvitað skipulagsmálin: Hvar á að byggja upp næsta iðnaðarhverfi? Hvar á að bjóða lóðir fyrir léttan iðnað? Hvernig á að samræma framboð og eftirspurn lóða undir íbúðabygging?

TVEIR FYRIR SJÖ

Reynslan sýnir að sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu geta ekki í upphafi árs svarað hver í sínu lagi hversu margar lóðir komi til úthlutunar hjá þeim sjálfum á árinu, hvað þá að þeir bjóði almenningi og byggingafyrirtækjum samræmt lóðaframboð byggt á samræmdu skipulagi eða áætlunum um eftirspurn eftir byggingalóðum.

Lágmarkskrafa atvinnufyrirtækja og almennings til sveitarstjórnarmanna á höfuðborgarsvæðinu er einfaldlega þessi: Samræmið skipulagsmálin, lóðaúthlutanir og uppbyggingu umferðarmannvirkja og þjónustu við almenning á svæðinu. Það er grundvallaratriði til að draga megi úr óhagræði og óþarfa kostnaði. Best væri auðvitað að sameina þessi sveitarfélög þannig að þau verði tvö í stað sjö. Það eru einfaldlega engin rök fyrir því að skipta höfuðborgarsvæðinu upp í sjö ríki smákónga sem virðast ekki geta talað saman.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
4. TBL. Apríl 1999
ISSN 1022-7741
För í prentsmiðju: 23.04.1999
Prentvinnsla: Prentækni hf.
Hönnun og myndskreytingar:
Vala Óla.
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjórar: Ingi Bogi Bogason og
Þóra Ólafsdóttir
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.
Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Jarðvinnuverktakar á vélasýningu í Las Vegas CONEXPO-CON/AGG '99

Fríður hópur jarðvinnuverktaka hélt til Las Vegas á vélasýningu í síðasta mánuði. Á undanförunum árum hafa verið farnar fjölmennar hópferðir á véla- og byggingasýningarnar Inter-mat í París og Bauma í Munchen.

Stórsýningarnar þrjár Inter-mat, Bauma og Conexpo-con/agg eru haldnar á þriggja ára fresti og að ári kemur röðin að Inter-mat. - Sýningin í Las Vegas sker sig um margt úr hinum tveimur. Sýningarsvæðið er stutt frá hótelum og auðvelt er að komast milli hótela og sýningarsvæðis. Veðurfar er einnig einkar þægilegt í lok mars og loks er verðlag á mat og drykk hagstætt. Sýningarsvæðið var gríðarstórt, enda voru þar samankomin 1300 fyrirtæki sem sýndu vörur, tæki og þjónustu. Sýningargestir voru liðlega 100.000 og komu frá öllum þjóðlöndum. Íslenski hópurinn átti einstaklega þægilega og fræðandi dvöl í vorblíðunni í Las Vegas.

Árni Jóhannsson

Þessi uppröðun trukkaframleiðendans MACK vakti óneitanlega mikla athygli og spurningar vöknudu um hvernig þessi ferðamáti kæmi út gagnvart þungaskatti. – Listmálarinn Stefán frá Möðrudal hefði ugglaust getað nýtt sér þetta myndefni



Stórar og gljáandi dráttarvélar glöddu augað



Bandarískir trukkan hafa ekki verið notaðir hérlandis í verktakastarfssemi um áratugaskeið

Ráðstefna um framtíðarskipulag í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum

Á ráðstefnu, sem haldin var á vegum Prenttæknistofnunar um framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, kom fram að staða prentunar, prentsmíða og bókbands er veik.

Nauðsynlegt er að snúa vörn í sókn og liggja fyrir tillögum um breytt nám í þessum greinum. Tillögurnar verða kynntar ýtarlega í næsta tölublaði Íslensk iðnaðar. Á ráðstefnunni voru tveir erlendir fyrirlesarar Anders Mosumgaard frá Grafisk Arbejdsforening í Danmörku og Torbjörn Öhrnell frá Grafiska Fackföringen í Svíþjóð ásamt Baldri Gíslasyni starfsmanni starfsgreinaráðs í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Menntamálaráðherra Björn Bjarnason ávarpaði gesti í upphafi ráðstefnunnar.



SAMORKA

Samtök rafvirkja-, hita- og vatnsveitra

Sýning á Akureyri 28. - 29. maí

Í tengslum við vorkund Samorku verður haldin sýning í Íþróttahöllinni á Akureyri.

Sýnendur eru á þriðja tug og sýna lagnaefni fyrir rafvirkja, trésmíði, pípuþingamenn og aðra iðnaðarmenn ásamt ýmiss konar tölvu og stýribúnaði. Ennfremur verða verkfræðistofur og skoðunarstofur á staðnum og kynna starfssemi sína.

Sýningin verður opin frá 15:00 - 18:00 föstudaginn 28. maí og 10:00 - 17:00 laugardaginn 29. maí.



Bás Orkuveitunnar var um margt sérstakur og mikið í hann lagt. Þema Orkuveitunnar var ábyrgð húseiganda á lögnum innanhúss. Jafnframt vildi Orkuveitan vekja athygli á hve mikið hennar starf byggist á umhverfissvænum orkugjöfum



Mikil aðsókn var á Byggingadaga '99 eða um 18 þúsund manns. Að sögn sýnenda var á stundum hamangangur í öskjunni og í mörgu að snúast við að sinna fyrirspurnum gesta og veita þeim ráðgjöf um vöru og þjónustu



Í miðri Höll gaf að líta þennan sérstæða bás Slippfélagsins í Reykjavík sem hékk að hluta til í lausu lofti. Gestum var boðið að velja sér litaspjöld úr rekknum og fá prufudollar með málningu á staðnum



Um eitt þúsund fermetra útisvæði Byggingadaga '99 var þéttskipað sýnendum af öllum stærðum og gerðum. Hér má sjá aðstöðu Hermanns Ragnarssonar múrarameistara en hann kynnti m.a. þjónustu sína við lagningu flotmúrs í gólf



Séð yfir hluta af aðalsal Hallarinnar. Á sérstöku rísa BÍÓtjaldi, er hékk yfir sviðinu, voru sýndar sjónvarpsauglýsingar alla sýningardagana



útsvæðinu kynnti Egill Árnason þetta finnska bjálkahús sem hannað er með Sauna, búningsaðstöðu og verönd. úsið, sem kemur tilbúid í einingum, var reist upp og tilbúid til notkunar á 3 dögum



Egill Árnason var eitt þeirra fyrirtækja er hlutu sérstaka viðurkenningu Byggingadaga '99 fyrir bás er þótti skara framúr. Hér má sjá yfir básinn sem var sérsmíðaður frá grunni og byggður upp í um 4 metra hæð



Steypubílar þykja oft spennandi í augum yngri kynslóðarinnar. BM Vallá tók á móti börnum í einn slíkan á útsvæðinu og leyfði þeim að kynna steypubíl af eigin raun



Sviðssýningin Lífsstíll iðnaðarmannsins var í höndum glæsimeyja úr Fegurðarsamkeppni Reykjavíkur og herra úr keppninni um Herra Ísland undir stjórn Bjarna Ólafs kynnis. Þar var vara og þjónusta fyrirtækja í byggingariðnaði kynnt með nýstárlegum hætti í anda tiskusýningar, og er óhætt að segja að sviðssýningarnar hafi vakið mikla athygli gesta á Byggingadögum '99



Skemmtileg þorpsstemning myndaðist á útsvæðinu því hver og einn sýnandi fékk til umráða 14 fermetra vinnuskúr með rafmagni og hita í boði Gámaþjónustunnar



Hafnarfjarðarbær tók þátt í Byggingadögum '99 og kynnti m.a. skipulagsmál, byggðaþróun, skólámál og framtíðarsvæði undir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Athygli vakti vel skipulagður og upplýsandi vefur Hafnarfjarðarbæjar og er áhugasömum bent á slóðina www.hafnarfj.is



Forsvarsmenn sýnenda hittust með skipuleggjendum Byggingadaga '99 að sýningu lokinni og fóru yfir stöðu mála. Menn voru á eitt sáttir um að vel hefði tekist til og að aðsókn hefði orðið meiri en þeir áttu von á



Tilbúnar veggklæðningar úr ýmsum efnum



Sólstofur og garðhús í fullri stærð vöktu athygli gesta



Verktökum og vinnuvélaeigendum var boðið að kynna tækjum og tólum af ýmsum gerðum og þjónustu fyrirtækja í byggingariðnaði. Hér má sjá hjólagröfu frá Bræðrunum Ormsson og bakvið glittir í vinnulyftu frá Vinnulyftum



Tækni og vísindi eiga samleið með byggingariðnaði nútímans. Á Byggingadögum '99 kynnti fyrirtækið Alsall m.a. lasergeislateki til hæðarmælinga og ýmsan búnað fyrir fagfólk og meistara



Í anddyri Hallarinnar gaf að líta þennan sérsmíðaða kynningarbás BM Vallá með þakhellum, garðsteinum, bekkjum, útiþrilli o.fl. Básinn þótti framúrskarandi og hlaut fyrirtækið sérstaka viðurkenningu Byggingadaga '99 af því tilefni



Frumkvöðlum veitt viðurkenning



Hinn sérsmíðaði 50 fermetra sýningarbás BYKO þótti framúrskarandi sýningar svæði á Byggingadögum '99 og var hann einn fjögurra slíkra bása er hlutu viðurkenningu af því tilefni



Fínn miðill og útlarpssstöðin FM 957 tóku þátt í sýningunni og var m.a. útvarpað beint frá Byggingadögum '99 sýningardagana



Sýningarbás Orkuveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur var án efa sá frumlegasti á Byggingadögum frá upphafi enda vakti hann gríðarlega athygli gesta. Fyrirtækin hlutu af því tilefni sérstaka viðurkenningu fyrir bás er þótti framúrskarandi á Byggingadögum '99

Fimmtudaginn átjándi mars síðastliðinn stóðu Samtök iðnaðarins ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu fyrir móttöku að Grand Hótel þar sem íslenskir frumkvöðlar á nýjasta lista Europe's 500 voru heiðraðir.

Alls eru á listanum níu íslenskir frumkvöðlar sjö fyrirtækja. Þeir eru: Þóra Guðmundsdóttir og Arngrímur Jóhannsson sem eiga og stjórna flugfélaginu Atlanta hf., Ásgeir Bolli Kristinsson framkvæmdastjóri NTC hf. sem rekur Sautján, Morgan, Deres og Smash fataverslanirnar, Einar Jónsson, einn aðaleigandi Nóatúns ehf., Friðrik Sigurðsson forstjóri Tölvumynda ehf., Rúnar Sigurðsson stofnandi Tæknivals hf., Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson sem settu fyrirtækið Vöruveltuna hf. (10-11 verslanirnar) á laggirnar og Össur Kristinsson aðaleigandi stoðtækjafyrirtækisins Össurar hf.

Samtökunum Europe's 500 var komið á fót að frumkvæði Evrópusambandsins með það að markmiði að efla starf frumkvöðla í Evrópu. Tilgangurinn er sá að draga fram reynslu þeirra sem bestum árangri hafa náð og nýta hana til að búa betur í haginn fyrir frumkvöðla framtíðarinnar. Með vinnu og fjármagi við gagnaöflun og kynningu hafa Samtök iðnaðarins ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu stutt þetta starf.

Starf Europe's 500 felst í því að finna framsæknustu frumkvöðla Evrópu. Þetta gera samtökin með því að birta árlega lista yfir fimmhundrað vaxtarmestu fyrirtæki Evrópu og nöfn þeirra frumkvöðla sem að þeim standa. Valið er úr milljónum fyrirtækja í allri Evrópu og lýtur það ströngum skilyrðum um vöxt og tilurð hans, s.s. eignaraðild frumkvöðuls, sjálfstæði, veltuaukningu, fjölgun starfa, arðsemi, stærð og aldur fyrirtækisins.

Við afhendingu viðurkenninganna sagði Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins að fjölbreytni þessara fyrirtækja og annarra á lista Europe's 500 kenndi okkur að engin ein grein er mikilvægari en önnur. „Frumkvöðlar eiga að njóta frjálsræðis og góðra starfsskilyrða óháð því í hvaða greinum þeir vilja hasla sér völl. Frelsi í viðskiptum og almenn góð starfsskilyrði eru lykillinn að því að frumkvæði fái notið sín í framþróun, hagvexti og bættum lífskjörum,“ sagði hann.

Ingólfur Bender



Fyrsta Stefnuþing MENNTAR

Rúmlega eitt hundrað fulltrúar sóttu fyrsta Stefnuþing MENNTAR sem haldið var á Hótel Sögu 12. apríl sl. Menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, ávarpaði þingið og fulltrúar stjórnmálaflokkanna skiptust á skoðunum við háborð um starfstengda menntun.

MENNT - Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla var stofnuð sl. haust með þátttöku um 60 lögaðila, þ.m.t. ASÍ, VSÍ, Samtaka iðnaðarins, Sambands iðnmenntaskóla, Samstarfsnefndar háskólastigsins og Samstarfsnefndar um menntun í iðnaði. Skrifstofa MENNTAR er á Laugavegi 51 (s. 511 2660, fax 511 2661, mennt@mennt.is). Framkvæmdastjóri er Hrönn Pétursdóttir, samskiptafræðingur.

„Þetta fyrsta Stefnuþing MENNTAR staðfestir, svo að ekki verður um villst, að mikill áhugi er á félaginu,“ sagði Hrönn Pétursdóttir. „Ljóst er af störfum þingsins að stofnun MENNTAR var tímabært og þarft framtak og ber að þakka fulltrúum atvinnulífsins sem hafa haft mikið frumkvæði að því að þetta tókst svo vel.“

Að sögn Hrannar vakti erindi Jóns Torfa Jónssonar um stöðu endurmenntunar á Íslandi mikla athygli.

„Svona ítarleg rannsókn hefur ekki verið unnin með þessum hætti hér á landi,“ sagði Hrönn. „Hún sýnir að mikill áhugi er á Íslandi á símenntun og að við stöndum framarlega meðal annarra OECD-landa. Við þurfum hins vegar að standast betur væntingar fólks um það nám sem er í boði.“

Skýrsla Jóns Torfa felur í sér bráða-



Frá Stefnuþinginu. F.v.: Ágúst Inghórssson, Davíð Stefánsson, Hrönn Pétursdóttir og Ingi Bogi Bogason

birgðaniðurstöður sem byggjast á könnun sem gerð var fyrir réttu ári. Tilgangur könnunarinnar er að fá heildaryfirlit yfir eðli og einkenni endurmenntunar hér á landi og rannsaka þróun menntunar í íslensku samfélagi.

Tekið var 1.800 manna úrtak af öllu landinu og afmarkaðir hópar athugaðir. Svör fengust frá 1.750 manns sem er um 75% svarhlutfall.

ÞÁTTAKA Í STARFSTENGDU NÁMSKEIÐUM

Í könnuninni kemur í ljós að þátttaka Íslendinga í starfstengdri símenntun virðist vera umtalsverð miðað við það sem tíðkast í öðrum OECD-ríkjum. Finnar og Danir virðast samt vera heldur duglegri að sækja starfstengd námskeið en starfs-

fólk hér á landi. Þegar miðað er við þátttöku í starfstengdum námskeiðum á 12 mánaða tímabili hjá fólki á aldrinum 24 til 64 ára hafa um 40% Íslendinga sótt námskeið á árunum 1997 til 1998 en um 45% Finna árið 1995.

ÞÁTTAKA Í ENDURMENNTUN EFTIR ATVINNUGREINUM

Könnunin staðfestir að þátttaka í starfstengdum námskeiðum er misjöfn eftir atvinnugreinum. T.d. sóttu rúmlega 65% svarenda hjá fjármálastofnunum starfstengd námskeið en þátttaka hjá svarendum í fiskvinnslu og landbúnaði var milli 20-30%. Þessi staðreynd ætti að vera til umhugsunar fyrir einstakar atvinnugreinar.

Ingi Bogi Bogason

